

REGLUGERÐ

um innheimtu fóðurgjalda.

1. gr.

Innheimta skal eftirtalin fóðurgjöld af innfluttu fóðri og innfluttu hráefni í fóður sbr. 2. gr.:

1. Grunnjald, sem skal vera 50% af tollverði hvernar fóðurtegundar, þó aldrei hærra en kr. 4 000,00 af hverju tonni hinnar gjaldskyldu vöru.

2. Sérstakt fóðurgjald, sem skal vera 80% af tollverði hvernar fóðurtegundar.

2. gr.

Fóðurgjöld skv. 1. gr. skulu lögð á fullunnar fóðurblöndur og hráefni í fóður og fóðurblöndur, sem falla í eftirtalin tollskrárnúmer:

Innheimta skal við tollafgreiðslu hvernar sendingar af vörum í eftirtöldum tollnúmerum:

10—01—10 10—07—10 17—03—01 23—04—10 23—04—60

10—01—20 10—07—20 23—02—10 23—04—20 23—04—70

10—02—00 10—07—30 23—02—20 23—04—30 23—04—80

10—03—00 11—01—21 23—02—30 23—04—40 23—04—90

10—04—00 11—01—22 23—03—00 23—04—50 23—06—00

10—05—00 úr 11—01—29 blandað hænsnakorn 23—07—00

11—02—21

úr 11—02—39 valsað bygg í lausu

Gjald sem tekið er skv. þessum staflíð skal reiknað eftir tollverði vörunnar eins og það er við innflutning hennar.

Við útreikning fóðurgjalda skal miða við 2% rýrnun vöru frá því magni sem flutt er inn skv. vörureikningi.

Undanskilin gjaldtöku eru fóðursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Einnig er undanskilið gjaldtöku fóður, sem fer til fiskeldis og loðdýraræktar, enda sé það í sérmerktum umbúðum. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis, sem flokkast undir ofangreind tollskrárnúmer, enda sé varan í smásöluumbúðum, 5 kg. eða minna, og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til manneldis. Sé um stærri umbúðir að ræða eða flutning í lausri vigt, getur landbúnaðarráðuneytið veitt undanþágu frá gjaldskyldu, enda sé notkun vörunnar sú er að ofan greinir. Hafi undanþága ekki verið veitt getur landbúnaðarráðuneytið ákveðið að endurgreiða fóðurgjöld skv. 2. gr. af vörum til manneldis, fiskeldis eða loðdýraræktar.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að endurgreiða framleiðendum gjöld af vörum, sem um getur í 1. mgr., af afurðum sem fara til útflutnings og njóta ekki útflutningsbóta úr ríkissjóði eða þegar útflutningsbætur hrökkva ekki lengur til. Landbúnaðarráðherra setur reglur um þessar endurgreiðslur hverju sinni.

Landbúnaðarráðuneytið getur undanþegið fóður fyrir gæludýr greiðslu sérstaks fóðurgjalds skv. 2.tl. 1. gr. Hafi greiðsla gjaldsins farið fram við tollafgreiðslu, er heimilt að endurgreiða gjaldið.

Aðilum, sem hafa fengið undanþágu frá fódurgjöldum, er skylt að skila framleiðslu- og söluskýrslum til Framleiðslusráðs landbúnaðarins. Á þessum skýrslum komi fram sala og birgðabreytingar og notkun hráefnis, sundurliðað eftir tegundum. Framleiðsluskýrslum skal skila fyrir hvern ársfjórðung og er frestur að hámarki 30 dagar. Hafi skýrslur um framleiðslu ekki borist Framleiðsluráði innan tilskilins tíma, gerir það landbúnaðarráðuneytinu aðvart, en það veitir viðkomandi aðila ekki heimild til endurgreiðslu fyrr en úr hefur verið bætt.

Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi um gjaldskyldu skv. þessari grein.

3. gr.

Um ákvörðun tollverðs gjaldskyldrar fódurvöru skulu gilda ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari varðandi vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu fódurgjalda, skulu gilda, eftir því sem við getur átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o.fl., með síðari breytingum, svo og reglugerða og auglýsinga settra samkvæmt þeim.

4. gr.

Tollstjórar annast innheimtu fódurgjalda skv. reglugerð þessari og standa skil á þeim til ríkissjóðs eftir fyrirætlum þeim, sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975.

Tekjum af grunngjaldi skv. 1. tl. 1. gr. og sérstöku fódurgjaldi skv. 2. tl. 1. gr. skal haldið sérgreindum við innheimtu og skil gjaldanna. Ríkisféhirðir gerir mánaðarlega skil á sérstöku fódurgjaldi til Framleiðsluráðs, sem heldur því á sérstökum reikningi er það færir, og nefnist hann „endurgreiðslureikningur“. Framleiðsluráð gerir á sama hátt mánaðarlega skil til Framleiðnisjóðs á þeim hluta hins sérstaka fódurgjalds, sem kann að verða ákveðið að greiða í sjóðinn. Þó skal ekki greiða þann hluta sérstaks fódurgjalds, sem greitt hefur verið með sjálfskuldarábyrgð, fyrr en hún hefur verið greidd af fódurinnflytjanda/framleiðanda. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun endurgreiðslureiknings.

5. gr.

Fódurinnflytjendum er heimilt að fá allt að 4ra mánaða frestun á greiðslu sérstaks fódurgjalds gegn skuldaviðurkenningu. Telji Framleiðsluráð nauðsynlegt að krefjast tryggingar fyrir greiðslu gjaldsins, fari hún fram með skuldaviðurkenningu, er ráðinu það heimilt. Skylt er Framleiðsluráði að krefjast slíkra trygginga af aðilum, sem lenda í vanskilum með greiðslur skuldaviðurkenninganna. Framleiðsluráð tilkynnir landbúnaðarráðuneytinu um þá aðila, sem það hefur ákveðið að svipta óskilyrtri lánsheimild, en ráðuneytið tilkynnir síðan tollstjórum um ákvörðunina.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður hverju sinni ráðstöfun tekna af sérstöku gjaldi skv. 2. tl. 1. gr. í samræmi við 2. mg. 34. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 og ákvæði reglugerða, sem settar kunna að verða þar um.

Tekjur af grunngjaldi skv. 1. tl. 1. gr. renna í ríkissjóð.

7. gr.

Ríkisendurskoðun skal, ef ástæða þykir til, hafa aðgang að bókhaldi fódurinnflytjenda og fódurframleiðenda til að ganga úr skugga um hvort staðfestingargögn, sem lögð hafa verið fram vegna niðurfellingar eða endurgreiðslu gjaldsins, séu eða hafi verið rétt tilgreind.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf, látni í té í því skyni að fá ívilnun á gjaldi samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, svo og

misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum hennar, getur m.a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59 frá 29.maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

8. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 259 1. júlí 1985.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. mars 1987.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ

um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi vegna afurða alifugla og svína.

1. gr.

Endurgreiða skal framleiðendum afurða alifugla og svína hluta sérstaks fóðurgjalds, sem innheimt er skv. 2. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 129 31. mars 1987. Endurgreiðslan skal miðast við að 75/80 hlutar af álögðu sérstöku fóðurgjaldi endurgreiðist að hluta eða að öllu leyti. Af hinu álagða sérstaka fóðurgjaldi renna sem næst 5/80 hlutar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, að frádregnum kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd endurgreiðslna sem landbúnaðarráðherra samþykkir.

2. gr.

Endurgreiðsla hins sérstaka fóðurgjalds skv. reglugerð þessari skal gilda vegna fóðurkaupa fyrir framleiðslu afurða alifugla og svína frá og með 1. janúar 1987.

3. gr.

Endurgreiðsla á sérstöku fóðurgjaldi fer fram af endurgreiðslureikningi, annað hvort með milligöngu fóðursala eða af endurgreiðslureikningnum. Sami aðili getur ekki látið fóðursala annast að hluta þær endurgreiðslur, sem fóðursölum eru heimilar skv. ákvæðum reglugerðarinnar, og annast hinn hlutann sjálfur, heldur skal hann velja aðra hvora leiðina. Framleiðsluráð landbúnaðarins sér um framkvæmd endurgreiðslna til framleiðenda í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

4. gr.

Nú velur framleiðandi, sem á rétt á endurgreiðslu á sérstöku fóðurgjaldi, þá leið að fóðursali annast endurgreiðsluna, og gefur hann þá viðkomandi fóðursala (fóðursölum) umboð til þess fyrir sína hönd. Áður en Framleiðsluráð staðfestir endurgreiðslur samkvæmt framlögðum gögnum frá fóðursölum, skal umboð fóðursalans til að annast endurgreiðslur fyrir hönd hvers framleiðanda liggja fyrir. Umboðið gildir svo lengi sem það er ekki afturkallað.